

6. apríl 2022

Tilkynning frá Aðföngum vegna innköllunar á Kinder eggjum

Með hliðsjón af öryggi og velferð neytenda hafa Ferrero Scandinavia AB, í Svíþjóð, og Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Kinder Surprise** í tveimur pakkningastærðum, þ.e. 20 gramma stök egg og 3ja stykkja pakkningu með 20 gramma eggjum. Innköllunin varðar þær sölueiningar sem hafa best fyrir dagsetningu á tímabilinu frá 26-6-2022 til og með 7-10-2022.

Ástæða innköllunarinnar er vegna gruns um að tilvik Salmonella-smita hjá fólki megi rekja til neyslu varanna.

Vörurnar voru til sölu í verslunum Bónus, Hagkaups, Olís og Skagfirðingabúð, en hafa verið innkallaðar þaðan.

Upplýsingar um vörurnar:

Vöruheiti: *Kinder Surprise, 20g*

Nettómagn: *20g*

Strikamerki: *40084107*

Geymsluskilyrði: *Þurrvara, stofuhiti*

Best fyrir dagsetningar: *Tímabilið frá 26-6-2022 til og með 7-10-2022*

Vöruheiti: *Kinder Surprise. 3x20g*

Nettómagn: *3x20g*

Strikamerki: *8000500026731*

Geymsluskilyrði: *Þurrvara, stofuhiti*

Best fyrir dagsetning: *Tímabilið frá 26-6-2022 til og með 7-10-2022*

Viðskiptavinum Bónus, Hagkaups, Olís og Skagfirðingabúð sem keypt hafa vörurnar er ráðið frá því að neyta þeirra og er bent á að þeir geta skilað þeim í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Ferrero Scandinavia AB og Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

